

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 74/98
frá 17. júlí 1998

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/98 frá 6. mars 1998⁽¹⁾.

Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 97/489/EB frá 30. júlí 1997 um viðskipti með rafrænum greiðslumiðlum og einkum samband útgefanda og handhafa⁽²⁾ skulu felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 37. lið (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 92/48/EBE) í IX. viðauka við samninginn:

„38. **397 X 0489**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 97/489/EB frá 30. júlí 1997 um viðskipti með rafrænum greiðslumiðlum og einkum samband útgefanda og handhafa (Stjtið. EB L 208, 2.8.1997, bls. 52).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 272, 8.10.1998, bls. 17 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 42, 8.10.1998, bls. 72.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 208, 2.8.1997, bls. 52.

2. gr.

Fullgiltur texti tilmæla framkvæmdastjórnarinnar 97/489/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. ágúst 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 17. júlí 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner